

Fundargerð 530

Föstudaginn 15. desember 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1 og 2), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Friðjónsson sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárliði 1-3), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:02 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
2. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
3. Starfsemi áthagafjórfa í eigu Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu
5. Stjórn Byggðarannsóknasjóðs - til afgreiðslu
6. Drög að starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar 2024 - til umræðu
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Tekjur einstaklinga - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur 8. útgáfa af áhættustefnu Byggðastofnunar sem EHP kynnti. Málið var áður á dagskrá stjórnar í nóvember.

Til máls tók HKH,

Formaður bar upp áhættustefnu Byggðastofnunar og var hún samþykkt samhljóða

2. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja og rekstrarsviðs með tillögum um breytingar á vaxtakjörum og vaxtaviðmiðum erlendra lána sem HP og MH kynntu.

Lagt er til að lækka álag á óverðtryggða vexti nýsköpunarlána, grænna lán og lán til stuðnings atvinnureksturs kvenna um 0,5 prósentustig. Sömu lánaflokkar sem heyra undir COSME ábyrgðasamkomulagið lækka um 0,3 prósentustig og verða þeir sömu og lán án COSME ábyrgðar.

Vaxtakjörin verða því eftirfarandi:

- Óverðtryggð lán til stuðnings atvinnureksturs kvenna - REIBOR+2,5%
- Óverðtryggð lán til stuðnings atvinnureksturs kvenna (COSME) - REIBOR+2,5%
- Óverðtryggð lán til nýsköpunar - REIBOR+4,0%
- Óverðtryggð lán til nýsköpunar (COSME) - REIBOR+4,0%
- Óverðtryggð lán til grænna verkefna - REIBOR+2,5%
- Óverðtryggð lán til grænna verkefna (COSME) - REIBOR+2,5%

Lagt er til að kjör á erlendum lánnum í USD og EUR verði 4,5% ofan á SOFR og ESTR á nýjum lánnum og taki gildi 1. janúar 2024. Einnig er lagt til að núverandi erlend lán taki sömu breytingum. Verður það unnið á árinu 2024.

Þá er einnig lagt til að Byggðastofnun veiti einungis erlend lán í USD og EUR frá og með 1. janúar 2024.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða. EHP vék af fundi.

3. Starfsemi áttahagafjófesta í eigu Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur skýrsla forstöðumanns fyrirtækjasviðs um starfsemi áttahagafjófesta sem HP kynnti.

Þar kemur fram að efling landshlutabundinna eignarhaldsfélaga sé heppileg leið til eflingar atvinnulífs. Þessi félög eru að meirihluta í eigu heimamanna sem bera hag síns nærumhverfis fyrir brjósti og þekkja það best. Byggðastofnun er hluthafi í fimm eignarhaldsfélögum og kemur að félögunum með fjármagn og sérfræðipækkingu. Þetta hefur reynst mikilvægur hluti af atvinnuuppbyggingu til viðbótar við lánveitingar stofnunarinnar. Staða þessara félaga er mismunandi og Byggðastofnun kemur ekki að neinu félagi á Norðurlandi eystra. Í starfsáætlun ársins 2023 er lagt upp með að á árinu verði áfram leitað leiða til að efla getu félaganna með því að auka hlutfé þeirra í samvinnu við aðra hluthafa eða nýja fjófesta.

Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram til samþykktar

- Lagt er til að aukið verði við hlutfé Byggðastofnunar í Fjófestingafélaginu Hvammi ehf. um allt að 25 m.kr. en þó aldrei hærra en 40% af heildar hlutfé, með handbæru fé eða eignarhlutum í öðrum félögum. Heimilt sé að greiða út hluta í ár og það sem eftir stendur við framvindu verkefnisins á næsta ári.
- Lagt er til að aukið verði við hlutfé Byggðastofnunar í Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf. um allt að 15 m.kr. en aldrei hærra en 40% af heildar hlutfé með handbæru fé eða eignarhlutum í öðrum félögum.
- Lagt er til að veitt verði heimild til að greiða út hlutfjárloforð til Ámundakinnar ehf. til jafns við það sem félagið hefur safnað. Skilyrði um að gengi félagsins verði staðfest af óháðum aðila og eignarhlutur Byggðastofnunar verði ekki meiri en 40% er óbreytt.

Til máls tóku RÞG, PF, KB, HB, ÓH, SÞ, AME, HKH,

AME ræddi um að funda með Ríkiseignum.

Formaður bar hverja tillögu fyrir sig upp til samþykktar og voru þær allar samþykktar samhljóða.

PF vék af fundi.

Formaður gerði hlé á fundi milli klukkan 10:05 og 10:11.

4. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um styrki til meistaranema og fundargerð 17. fundar Byggðarannsóknarsjóðs frá 10. nóvember sl.

Á fundi stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs þann 10. nóvember 2023 var ákveðið að leggja til að veita styrki til eftirfarandi þriggja rannsóknarverkefna:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupp hæð
Evaluating place attachment in times of climate change, disaster-risk and uncertainty	Emma Katherine Alvera Dexter, Háskóla setri Vestfjarða	330.000,-
Heilbrigðisþjónusta á Suðvesturlandinu. Aðgengi, aðsókn og gæði þjónustunnar	Guðný Rós Jónsdóttir, Háskóla Íslands	330.000,-
Valdið til þorpanna: Frá hverfisráðum til heimastjórna?	Steinunn Ása Sigurðardóttir, Háskóla Íslands	330.000,-

Formaður bar upp ofangreindar tillögur til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Stjórn Byggðarannsóknarsjóðs - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs með tillögu um skipun stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs 2024-2026 sem SEP kynnti.

Skv. reglum um Byggðarannsóknarsjóð frá 6. nóvember 2020 skipar stjórn Byggðastofnunar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn.

Lagt er til að stjórn Byggðarannsóknarsjóðs 2024-2026 verði þannig skipuð:

- Kjartan Ólafsson, formaður
- María Hjálmarsdóttir,
- Edward Huijbens,

Til vara í sömu röð:

- Kristján Þ. Halldórsson, varaformaður
- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir,
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir,

Formaður bar upp ofangreinda skipun í byggðarannsóknarsjóð 2024-2026 til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Þá er lagt til að formaður fái greiddar 19 þóknanaeiningar og stjórnarmenn 12,5 þóknanaeiningar fyrir hvern stjórnarfund.

Til máls tóku HKH og ÓH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu um þóknun fyrir setu til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Drög að starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar 2024 - til umræðu

Fyrir fundinum liggur drög að starfs- og rekstraráætlun ársins 2024 sem AME kynnti. Verður endanleg útgáfa lögð fyrir stjórn til samþykktar á fundi stjórnar 24. janúar nk.

Til máls tóku HKH, KB, AME, RÞG og HP.

7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 43/23-45/23 og yfirlit yfir lánaafgreiðslur lánanefndar frá áramótum sem HP kynnti.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framkvæmd verkefna á starfsáætlun 2023 og yfirlit yfir stöðu rekstrar 30.11.2023 sem SEÞ og AME kynntu.

9. Tekjur einstaklinga - til kynningar

ÞS kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti nýtt mælaborð og skýrslu stofnunarinnar um tekjur einstaklinga árið 2022.

Til máls tóku MaH, HKH, SP, AME og KB.

ÞS vék af fundi.

10. Önnur mál

SP spurði út í nefnd vegna Strandabyggðar sem AME og SEÞ svöruðu. Byggðastofnun hefur tilnefnt fulltrúa í nefndina.

11. Næsti fundur

Næsti fundur er skv. starfsáætlun 24. janúar nk. og verður það fjarfundur.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:15

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson